

LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 13. maí 2026.

Mál nr. 395/2026:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(*Sonja Wium saksóknarfulltrúi*)

gegn

X

(*Porgils Porgilsson lögmaður*)

Lykilorð

Kærumál. Nálgunarbann.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem X var gert að sæta nánar tilgreindu nálgunarbanni á grundvelli laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Eiríkur Jónsson og Jón Höskuldsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Varnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 11. maí 2026 sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. maí 2026 í málinu nr. R-[...]/2026 þar sem staðfest var ákvörðun sóknaraðila 28. apríl 2026 um að varnaraðili skyldi sæta nánar tilgreindu nálgunarbanni í sex mánuði. Kæruheimild er í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili.
- Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.
- Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að nálgunarbanni verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann þóknunar til handa skipuðum verjanda sínum fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila fyrir Landsrétti, sem ákveðin er að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í úrskurðarorði greinir, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt 38. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 14. gr. laga nr. 85/2011.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila fyrir Landsrétti, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, 176.700 krónur, greiddist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. maí 2026

Mál þetta var þingfest og tekið til úrskurðar 8. maí 2026.

Sóknaraðili er Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
Varnaraðili er X, kt. [...].

Dómkröfur

Þess er krafist að Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 28. apríl 2026 sem birt var kærða þann 3. maí 2026, þess efnis að X kt. [...] skuli gert að sæta nálgunarbanni, skv. a. og b. lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili í 6 mánuði þannig að lagt er bann við því að hann komi á eða í námunda við heimili A kt. [...] að [...], á svæði sem afmarkast við 50 metra radíus umhverfis heimilið, mælt frá miðju hússins. Jafnframt er lagt bann við því að hann veiti A eftirför, nálgist hann á almannafæri eða setji sig í samband við hann með öðrum hætti.

Málsatvik

Í greinargerð sóknaraðila er atvikum lýst svo: Til grundvallar ákvörðun lögreglustjóra liggja mál 007-2025- [...], 007-2025- [...], 007-2025- [...], 007-2026- [...], 007-2026- [...], 007-2026- [...], 007-2026- [...] og 007-2026- [...], þar sem kærði er undir rökstuddum grun um umsáturseinelti gegn brotáþola með því aðhafa ítrekað raskað friði hans með því að nálgast hann bæði á vinnustað hans og heimili og reyna koma á samskiptum við hann með símhringingum og tölvupóstum gegn vilja hans.

Brotáþoli kveður háttsemi kærða valda sér andlegum vanlíðan og kvíða og að hann óttist kærða, þá hefur áreitnin farið stigvaxandi frá því að hann sleit öllum tengslum við kærða í byrjun árs 2025. Lögregla hefur ítrekað beint tilmælum til kærða að láta af háttsemi sinni en kærði hefur ávallt neitað að verða við því.

Mál nr. 007-2025- [...]

Þann 13. október 2025 hafði kærandi samband við lögreglu til að tilkynna um áreiti og óbeinar hótanir af hálfu kærða í sinn garð. Kærði er faðir kæranda. Kærandi hafði lokað á öll samskipti milli sín og fjölskyldu sinnar vegna erfiðra samskipta. Kærandi kveðst hafa orðið fyrir stigmagnandi áreiti undanfarna mánuði, sem birtist meðal annars í því að kærði hafi hringt ítrekað í hann úr óþekktum símanúmerum eftir að kærandi lokaði á númer hans. Þá hafi kærði komið fyrir utan heimili hans og haft samband við tengdforeldra hans. Einnig hafi kærði sent ítrekaða tölvupósta til kæranda, eiginkonu hans og tengdra fjölskyldumeðlima sem innihéldu skilaboð með fullyrðingum um að hann og eiginkona hans væru andlega veik og telur kærandi að í tölvubréfi frá 6. október 2025 sem kærði sendi kæranda hafi falist dulin hótun um að veða að starfsheiðri hans þar sem kærði talar um að hann myndi á endanum neyðast til að tala um þeirra samskipti við kollega og það yrði slæmt til afspurnar og fyrir orðspor hans sem [...] ef hegðun hans myndi spyrjast út.

Mál nr. 007-2025-[...]

Þann 20. október 2025 barst lögreglu tilkynning um mann sem væri að áreita starfsmann [...]. Þegar lögregla kom á vettvang var þar kærandi, sem greindi frá því að kærði hefði mætt á vinnustað hans, [...], og krafist þess að ræða við hann.

Kærandi kvaðst hafa sett skýr mörk og vilji ekki eiga í samskiptum við kærða. Hann segir kærða hafa elt sig [...] og verið mjög ágengan. Þá hafi kærði rætt við yfirmann kæranda, neitað að láta hann í friði og ekki farið af staðnum fyrr en lögregla var kölluð til.

Kærandi telur að til séu upptökur af atvikinu sem sýni að kærði hafi verið ágengur og ógnandi, og hyggst hann óska eftir þeim frá vinnustaðnum.

Mál nr. 007-2025-[...]

Þann 17. nóvember 2025 mætti kærandi ásamt eiginkonu sinni í [...] og greindi frá ofbeldishegðun sem hann kveðst hafa búið við af hálfu kærða í æsku. Hann lýsir einnig áreiti af hálfu föður síns eftir að hann ákvað að loka á hann í janúar 2025. Kærandi kveðst óttast föður sinn og segir að þetta valdi honum og eiginkonu hans miklum kvíða. Lögregla ræddi við kærða og óskaði eftir því að hann léti af áreitinu gagnvart kæranda og fjölskyldu hans, og gerði honum grein fyrir því að kærandi vildi ekki eiga í samskiptum við hann.

Kærði sagðist ekki geta orðið við þeirri beiðni og hélt því fram að sonur hans væri andlega veikur og að hann væri að reyna að hjálpa honum. Hann sagði eiginkonu kæranda vera eina af ástæðum þess að samskipti hefðu rofnað og lýsti áformum um að safna saman fjölskyldumeðlimum og fara heim til kæranda til að ræða við hann. Símanúmer kæranda var sett í vöktun hjá lögreglu.

Mál nr. 007-2026-[...]

Þann 26. janúar sl. hafði kærandi samband við lögreglu og tilkynnti að kærði væri að áreita hann á vinnustað hans. Kærandi sagðist hafa lokað á kærða og fjölskyldu hans, en kærði héldi áfram að reyna að knýja fram samskipti.

Kærði hafði elt kæranda inn á vinnustað hans [...] og krafist þess að fá að ræða við hann. Þegar lögregla kom á vettvang var kærði ekki sjáanlegur, en skömmu síðar tilkynnti kærandi að kærði væri fyrir utan vinnustaðinn í bifreið sinni.

Við komu lögreglu sat kærði í bifreið sinni við hlið bifreiðar kæranda. Í samtali við lögreglu hélt kærði því fram að kærandi væri andlega veikur og í ofbeldissambandi. Lögregla útskýrði að kærandi hefði óskað eftir því að hafa engin samskipti og bað kærða að virða þær óskir. Kærði neitaði því og taldi kæranda vera að nota lögreglu gegn sér.

Kærði var yfirgangssamur í samskiptum við lögreglu og sagðist ekki hafa verið á staðnum til að ræða við kæranda heldur til að [...].

Mál nr. 007-2026-[...]

Þann 18. apríl sl. hafði kærandi samband við lögreglu og tilkynnti að kærði væri fyrir utan heimili hans að [...]. Hann óskaði eftir aðstoð lögreglu við að fjarlægja hann og kvaðst verða fyrir stöðugu áreiti.

Kærði var farinn þegar lögregla kom á vettvang, en síðar sama dag tilkynnti kærandi aftur að kærði væri kominn aftur fyrir utan heimilið. Lögregla hafði samband við kærða og bað hann að láta af háttsemi sinni.

Mál nr. 007-2026-[...] og 007-2026-[...]

Þann 21. apríl sl. komu kærandi og eiginkona hans í viðtal í [...] þar sem þau lýstu mikilli vanlíðan vegna stöðugs áreitis af hálfu kærða. Þau greindu einnig frá þátttöku móður kæranda og ömmu í áreitinu.

Kærandi sagði að lögregla hefði þegar beint því til kærða að hætta áreitinu, en kærði hefði neitað. Nýverið hefðu kærði, móðir kæranda og amma hans ekið ítrekað í kringum heimili þeirra og komið að húsinu þar sem þau hringdu endurtekið dyrabjöllunni.

Kærandi sagðist vera orðinn langþreyttur á áreitinu og hefði þurft að taka sér veikindaleyfi frá vinnu vegna álags og streitu sem háttsemi kærða veldur.

Mál nr. 007-2026-[...]

Þann 26. apríl sl. hafði kærandi samband við lögreglu og tilkynnti að kærði, ásamt ömmu kæranda, væri fyrir utan heimili hans að [...]. Eiginkona kæranda var heima með dóttur þeirra og var sögð mjög smeyk.

Mál nr. 007-2026-[...]

Þann 27. apríl mætti kærandi í [...] og lagði fram kæru á hendur kærða og fleiri fjölskyldumeðlimum fyrir umsáturseinelti, ásamt beiðni um nálgunarbann.

Ofangreind mál eru talin varða við 232. gr. a almennra hegningarlaga.

Lagarök

Í greinargerð er krafa sóknaraðila rökstudd þannig: Samkvæmt 4. gr. laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011 er lögreglu heimilt að kveða á um að aðila verði gert að sæta nálgunarbanni ef rökstuddur grunur er um að hann hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola eða hætta sé á að viðkomandi muni brjóta gegn brotaþola. Í 6. gr. laganna er enn fremur kveðið á um að nálgunarbanni verði aðeins beitt þegar ekki þykir sennilegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti. Skal þá gæta þess að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til. Við mat á því hvort beita skuli nálgunarbanni skal meðal annars líta til þess hvort sakborningur hafi áður þurft að sæta nálgunarbanni og þess hvort háttsemi hans á fyrri stigum hafi verið þannig háttáð að hætta sé talin á að hann muni fremja háttsemi sem lýst er í 4. gr. laganna.

Í ljósi ofangreinds telur lögreglustjóri skilyrði 4. gr. laga nr. 58/2011 séu uppfyllt en kærði er undir rökstuddum grun um að hafa brotið gegn brotaþola og ítrekað raskað friði hans, þá telur lögreglustjóri, þegar litið er heildstætt á atvik málsins, að án nálgunarbanns sé kærði líklegur til að halda áfram háttsemi sinni gagnvart brotaþola, sbr. b. lið 4. gr. laga nr. 85/2011, enda hefur kærði ítrekað hafnað tilmælum lögreglu um að láta af háttsemi sinni.

Með hliðsjón af framangreindu er ekki talið sennilegt að friðhelgi beiðanda verði vernduð með öðrum og vægari hætti eins og sakir standa og ítrekað að krafan nái fram að ganga eins og hún er fram sett.

Niðurstaða

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili er heimilt að beita nálgunarbanni ef (a) rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola, sbr. staflíð a í greininni, eða (b) hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotaþola með þeim hætti sem rakið er í a-lið ákvæðisins, sbr. staflíð b. Nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili verður þó aðeins beitt þegar ekki þykir sennilegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 85/2011. Þess skal jafnframt gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Við mat á því hvort beita skuli nálgunarbanni og eða brottvísun af heimili skal meðal annars líta til þess hvort sakborningur hafi áður þurft að sæta nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili og þess hvort háttsemi hans á fyrri stigum hafi verið þannig háttáð að hætta sé talin á að hann muni fremja háttsemi sem lýst er í 4. og 1. mgr. 5. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 85/2011 getur sakborningur krafist

Þess að lögreglustjóri beri ákvörðun sína um beitingu úrræðis samkvæmt 4. gr. laganna undir dómstóla til staðfestingar.

Sóknaraðili krefst sem fyrr segir staðfestingar á ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 28. apríl 2026, sem birt var varnaraðila þann 3. maí 2026, þess efnis að varnaraðila skuli gert að sæta nálgunarbanni samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2011 í 6 mánuði. Varnaraðili krefst þess á móti að þeirri kröfu verði hafnað.

Til grundvallar ákvörðun lögreglustjóra liggja samtals átta mál, þar sem sóknaraðili telur varnaraðila vera undir rökstuddum grun um umsáturseinelti gegn brotaþola, með því að hafa ítrekað raskað friði hans með því að nálgast hann, bæði á vinnustað hans og heimili, og að reyna koma á samskiptum við hann með símhringingum og tölvupóstum gegn vilja hans.

Varnaraðili og brotaþoli eru feðgar. Er varnaraðili faðir brotaþola og brotaþoli sonur varnaraðila. Er jafnframt upplýst í málinu að brotaþoli ákvað einhliða í janúar 2025 að láta af frekari samskiptum við varnaraðila. Þá er einnig upplýst að varnaraðili og brotaþoli eru [...], en varnaraðili er eins og stendur í veikindaleyfi. Þá kom fram hjá varnaraðila fyrir dómi að eiginkona hans og móðir brotaþola starfaði sem [...].

Gögn málsins bera einnig með sér að brotaþoli upplifi háttsemi varnaraðila á þann hátt að hún valdi honum andlegri vanlíðan og kvíða og hann kveðst óttast varnaraðila. Einnig kemur fram í gögnum málsins og greinargerð sóknaraðila að áreitnin hafi farið stigvaxandi frá því að brotaþoli hafi slitið öllum tengslum við varnaraðila í byrjun árs 2025. Lögregla hafi ítrekað beint tilmælum til varnaraðila um að láta af háttsemi sinni en hann hafi ávallt neitað að verða við því. Sú háttsemi varnaraðila sem brotaþoli kvartar undan sé áreiti, óbeinar ógnanir í hans garð og ítrekuð símtöl úr óþekktum símanúmerum. Eins hafi varnaraðili komið fyrir utan heimili brotaþola og haft samband við tengdforeldra hans. Varnaraðili hafi einnig sent ítrekaða tölvupósta til brotaþola, eiginkonu hans og tengdra fjölskyldumeðlima, sem innihéldu skilaboð með fullyrðingum um að hann og eiginkona hans væru andlega veik.

Þá telur brotaþoli að í tölvubrési frá 6. október 2025 sem kærði sendi honum hafi falist dulinn hótun um að vega að starfsheiddri hans þar sem varnaraðili hafi talað um að hann myndi á endanum neyðast til að tala um þeirra samskipti við kollega og það yrði slæmt til afspurnar og fyrir orðspor hans sem [...] ef hegðun hans myndi spyrjast út. Eins hafi varnaraðili mætt á vinnustað brotaþola, rætt við yfirmann hans og elt hann [...], þannig að kalla hafi þurft lögreglu til. Í eitt sinn sat varnaraðili í bifreið sinni við hlið bifreiðar brotaþola er lögregla kom að. Í samtali við lögreglu hélt hann því sömuleiðis fram að brotaþoli væri andlega veikur og í ofbeldissambandi. Er lögregla útskýrði að brotaþoli hefði óskað eftir því að hafa engin samskipti við varnaraðila og bað hann um að virða þær óskir neitaði varnaraðili því og taldi brotaþola vera að nota lögreglu gegn sér.

Þann 18. apríl sl. hafði brotaþoli samband við lögreglu og tilkynnti að varnaraðili væri fyrir utan heimili hans að [...]. Hann óskaði eftir aðstoð lögreglu við að fjarlægja hann og kvaðst verða fyrir stöðugu áreiti. Varnaraðili var farinn þegar lögregla kom á vettvang, en síðar sama dag tilkynnti brotaþoli að varnaraðili væri kominn aftur fyrir utan heimilið. Lögregla hafði samband við kærða og bað hann að láta af háttsemi sinni. Þann 21. sama mánaðar komu brotaþoli og eiginkona hans í viðtal í [...] þar sem þau lýstu mikilli vanlíðan vegna stöðugs áreitis af hálfu varnaraðila. Brotaþoli sagði að lögregla hefði þegar beint því til varnaraðila að hætta áreitinu, en hann hefði neitað.

Nýverið hefðu varnaraðili, móðir brotaþola og amma ekið ítrekað í kringum heimili þeirra og komið að húsinu þar sem þau hringdu endurtekið dyrabjöllunni. Brotaþoli sagðist vera orðinn langþreyttur á áreitinu

og hefði þurft að taka sér veikindaleyfi frá vinnu vegna álags og streitu sem háttsemi kærða veldur. Þann 26. apríl sl. hafði brotaþoli samband við lögreglu og tilkynnti að varnaraðili, ásamt ömmu brotaþola, væri fyrir utan heimili hans að [...]. Eiginkona brotaþola var heima með dóttur þeirra og var sögð mjög smeyk. Þann 27. apríl mætti brotaþoli í [...] og lagði fram kæru á hendur varnaraðila og fleiri fjölskyldumeðlimum fyrir umsáturseinelti, ásamt beiðni um nálgunarbann.

Ofangreind mál eru að mati sóknaraðila talin varða við 232. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telur sóknaraðili skilyrði a-liðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 58/2011 vera uppfyllt en varnaraðili sé undir rökstuddum grun um að hafa brotið gegn brotaþola og ítrekað raskað friði hans. Þá telur sóknaraðili, þegar litið sé heildstætt á atvik málsins, að án nálgunarbanns sé varnaraðili líklegur til að halda áfram háttsemi sinni gagnvart brotaþola, sbr. b-lið 4. gr. laga nr. 85/2011, enda hafi hann ítrekað hafnað tilmælum lögreglu um að láta af háttsemi sinni.

Allir menn skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, sbr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þó er heimilt samkvæmt 2. mgr. þess ákvæðis að gera undantekningar frá þeirri meginreglu og takmarka friðhelgina ef brýna nauðsyn beri til vegna réttinda annarra enda sé slíkt gert með sérstakri lagaheimild. Sambærilegt ákvæði er að finna í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994, en í 1. mgr. þeirrar greinar er kveðið á um að sérhver maður eigi rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu og heimilis. Í 2. mgr. ákvæðisins segi enn fremur að opinber stjórnvöld skuli ekki ganga á þann rétt nema samkvæmt ákvæðum laga og ef nauðsyn beri til í lýðræðislegu þjóðfélagi, meðal annars til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

Í athugasemdum um 4. gr. frumvarps til laga sem síðar urðu að lögum nr. 85/2011 segir að gerð sé sú krafa til að nálgunarbann fái á grundvelli greinarinnar að rökstudd ástæða sé til þess að ætla að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola eða að hætta sé á að viðkomandi muni haga sér með slíkum hætti.

Við mat á því hvort hætta verði talin á því að maður muni fremja refsivert brot eða á annan hátt raska friði brotaþola verði líkt og áður að líta til fyrri háttsemi þess manns sem krafan beinist gegn og samskipta hans við þann sem vernda á með banninu. Hér komi þannig áfram til álita fyrri afbrot, hótanir, ögranir og önnur samskipti sem veitt geti rökstudda vísbendingu um það sem kunnir að vera í vændum. Að sama skapi verður að gera þá kröfu að ekki sé nægjanlegt til þess að beitt verði nálgunarbanni að búast megi við smávægilegum ama af hálfu þess sem óskað er að banninu sæti.

Af framangreindu má ráða að gera verður nokkrar kröfur til alvarleika háttsemi sakbornings svo að til greina þyki koma að beita nálgunarbanni á grundvelli 1. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2011. Af gögnum málsins má ráða að brotaþoli hafi gert varnaraðila það ljóst með skýrum og skilmerkilegum hætti að hann vilji ekki að hann hafi samband við sig. Varnaraðili hafi eigi að síður og þrátt fyrir það haldið áfram að hafa samband við hann, eða reyna að hafa samband við hann, og gengið langt í þeirri viðleitni sinni. Sú háttsemi varnaraðila er margendurtekin og virðist hann staðfastur í því að halda áfram að reyna að hafa samband við brotaþola, en þeir eru sem fyrr segir feðgar. Hefur varnaraðili sömuleiðis neitað að láta af háttsemi sinni í samtölum við lögreglu, jafnvel þó brotaþoli eigi rétt á að ákveða við hverja hann er í samskiptum við og við hverja ekki.

Með hliðsjón af framansögðu og þegar atvik málsins eru virt heildstætt verður að fallast á það með sóknaraðila að skilyrðum a- og b-liða 1. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2011 sé fullnægt eins og á stendur í máli þessu. Verður sömuleiðis með hliðsjón af forsögunni ekki talið sennilegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti eins og sakir standa. Önnur og vægari úrræði hafa ekki dugað, svo sem samtöl við varnaraðila, eins og að framan segir. Verður þar af leiðandi ekki séð að því markmiði að

tryggja frið brotaþola verði náð með öðru og vægara móti en með nálgunarbandi og því sé ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn beri til, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 85/2011.

Að öllu framangreindu virtu verður staðfest sú ákvörðun sóknaraðila, sem birt var fyrir varnaraðila 3. þessa mánaðar, að varnaraðili skuli sæta nálgunarbandi, með þeim hætti sem nánar greinir í úrskurðarorði. Er samkvæmt framansögðu fallist á kröfu sóknaraðila eins og hún er fram sett.

Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, þykir hæfilega ákveðin 248.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, þykir hæfilega ákveðin 114.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Greiðist þóknun skipaðs verjanda og skipaðs réttargæslumanns úr ríkissjóði.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð

Staðfest er ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 28. apríl 2026 sem birt var varnaraðila þann 3. maí 2026, þess efnis að X kt. [...], skuli gert að sæta nálgunarbandi, skv. a- og b-liðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarband og brottvísun af heimili í 6 mánuði þannig að lagt er band við því að hann komi á eða í námunda við heimili A kt. [...] að [...], á svæði sem afmarkast við 50 metra rás umhverfis heimilið, mælt frá miðju hússins. Jafnframt er lagt band við því að hann veiti A eftirför, nálgist hann á almannafæri eða setji sig í samband við hann með öðrum hætti.

Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, þykir hæfilega ákveðin 248.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, þykir hæfilega ákveðin 114.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Greiðist þóknun skipaðs verjanda og skipaðs réttargæslumanns úr ríkissjóði.